

# **TILLAGA AÐ STARFSKJARASTEFNU FYRIR HAMPIÐJUNA HF.**

## **1. gr. Tilgangur og markmið**

- 1.1 Aðalfundur Hampiðjunnar hf. samþykkir eftirfarandi starfskjarastefnu fyrir félagið, sem stjórn félagsins hefur samþykkt, í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Þá byggir starfskjarastefnan á meginreglum sem gilda um góða stjórnarhætti fyrirtækja og tekur mið af langtímahagsmunum félagsins, hluthafa, starfsmanna og viðskiptamanna þess.
- 1.2 Hampiðjan hefur það að markmiði að búa vel að starfsmönnum sínum og tryggja þeim eðlilegan afrakstur vinnu sinnar. Starfskjarastefnan hefur það að markmiði að gera félaginu kleift að laða til sín og halda í hæft starfsfólk, ekki síst það, sem ber meginábyrgð á stjórnun og þróun félagsins.
- 1.3 Starfskjarastefnan miðar að því að stjórn félagsins sé kleift að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur, svo sem kaupauka í þeim tilgangi að markmiðum starfskjarastefnu þessarar verði náð.

## **2. gr. Ákvörðun starfskjara.**

- 2.1 Stjórn félagsins skal fylgjast með að starfskjör æðstu stjórnenda séu innan ramma starfskjarastefnunnar og að horfa til ábyrgðar, árangurs og jafnréttissjónarmiða við ákvörðun um starfskjör. Stjórn skal taka starfskjarastefnu félagsins til endurskoðunar árlega og leggja hana í kjölfarið fyrir aðalfund félagsins til samþykktar.
- 2.2 Stjórn er heimilt, telji hún ástæðu til, að koma á fót sérstakri starfskjaranefnd, sem þó má hvorki vera skipuð forstjóra félagsins né öðrum starfsmönnum þess.

## **3. gr. Starfskjör stjórnarmanna**

- 3.1 Þóknun stjórnarmanna skal ákveða á aðalfundi ár hvert í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga og skulu stjórnarmenn ekki njóta annarra þóknunargreiðslna af hendi félagsins né njóta réttinda sem kveðið er á um í 1-6. tl. 79. gr. a. hlutafélagalaga. Gerir stjórnin tillögu um stjórnarlausn fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeirri ábyrgð sem á stjórnarmönnum hvílir, þeim tíma sem varið er til stjórnarstarfa og afkomu félagsins.

## **4. gr. Starfskjör forstjóra**

- 4.1 Gera skal skriflegan ráðningarsamning við forstjóra. Kjör hans, þ.m.t. greiðslur í lífeyrissjóð, orlof og uppsagnarfrestur, skulu ávallt vera samkeppnishæf og taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfans, en skulu þó ávallt taka mið af afkomu félagsins.
- 4.2 Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til forstjóra skal taka til endurskoðunar árlega og skal við slíka endurskoðun höfð hliðsjón af mati stjórnar á frammistöðu forstjóra, þróun launakjara almennt á markaði og

hliðstæðum félögum auk afkomu félagsins.

- 4.3 Í ráðningarsamningi við forstjóra skal haft að leiðarljósi að semja ekki um sérstakar starfsloka- eða eftirlaunagreiðslur. Heimilt er þó við sérstök skilyrði að mati stjórnar að gera sérstakan starfslokasamning við starfslok forstjóra.

### **5. gr. Starfskjör æðstu stjórnenda**

- 5.1 Forstjóri ræður aðra æðstu stjórnendur félagsins. Gerðir skulu skriflegir ráðningarsamningar við æðstu stjórnendur. Kjör æðstu stjórnenda, þ.m.t. greiðslur í lífeyrissjóð, orlof og uppsagnarfrestur, skulu á hverjum tíma taka mið af menntun og reynslu starfsmanns, ábyrgð, frammistöðumati og umfangi starfsins.

### **6. gr. Aðrir starfsmenn**

- 6.1 Við ákvörðun starfskjara annarra starfsmanna skulu þeir sem með kjör þeirra fara taka mið af ofangreindum reglum eftir því sem við á.

### **7. gr. Upplýsingagjöf**

- 7.1 Á aðalfundi skal stjórn gera grein fyrir kjörum framkvæmdastjóra og stjórnarmanna. Upplýsa skal um heildarfjárhæð greiddra launa á árinu, fjárhæð kaupauka, annars konar greiðslur sem tengjast hlutabréfum í félaginu, starfslokagreiðslur ef einhverjar eru, auk heildarfjárhæðar annarra greiðslna.

### **8. gr. Kaupaukar til stjórnenda**

- 8.1 Auk fastra launa er heimilt að veita stjórnendum og starfsmönnum kaupauka, fríðindi og/eða annars konar umbun. Með kaupauka er átt við greiðslur sem byggja á árangri einstakra stjórnenda eða starfsmanna í starfi. Greiðsla slíkra kaupauka tengist ýmist árangri viðkomandi starfsmanns, þeirrar deildar sem hann starfar innan eða alls félagsins. Heimilt er að skilyrða greiðslu slíkra kaupauka við að þeim sé ráðstafað til kaupa á hlutum í félaginu.

### **9. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira**

- 9.1 Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar.
- 9.2 Er starfskjarastefnan bindandi fyrir stjórn félagsins að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, sbr. 3. mgr. 79. gr. a. laga um hlutafélög. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess. Stjórn félagsins skal færa til bókar í fundargerðarbók veigamikil frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

## **Greinargerð með starfskjarastefnu Hampiðjunnar hf.**

### **Lögð fram á aðalfundi félagsins hinn 21. mars 2025**

#### **Inngangur**

Á aðalfundi Hampiðjunnar hf. þann 22. mars 2024 var þágildandi starfskjarastefna félagsins samþykkt án breytinga. Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélag er starfskjarastefnan bindandi fyrir stjórn félagsins hvað varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir stjórnina, enda er ekki kveðið á um það í samþykktum félagsins að hún skuli vera bindandi. Stjórn bera að birta starfskjarastefnuna í tengslum við aðalfund félagsins. Skal stjórnin jafnframt upplýsa viðsemjendur sína um það hvað felist í starfskjarastefnunni, þar á meðal að hvaða leyti hún sé bindandi.

Samkvæmt 4. mgr. 79. gr. a. hlutafélagalag skal starfskjarastefnan samþykkt á aðalfundi félagsins, með eða án breytinga. Þar skal stjórnin jafnframt gera grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna félags og áætluðum kostnaði vegna kaupréttaráætlana og skýra frá framkvæmd áður samþykktrar starfskjarastefnu. Loks segir í 5. mgr. 79. gr. a. að ef stjórn víkur frá starfskjarastefnunni skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í fundargerðarbók stjórnar.

#### **Starfskjarastefna og launaþróun**

Í starfskjarastefnunni segir að Hampiðjan hafi það markmið að búa vel að starfsmönnum sínum og að tryggja þeim eðlilegan afrakstur vinnu sinnar. Starfskjarastefnan hefur það að markmiði að gera félaginu kleift að laða til sín og halda í hæft starfsfólk, ekki síst það, sem ber meginábyrgð á stjórnun og þróun félagsins. Þá segir í starfskjarastefnunni að hún miði að því að stjórn félagsins sé kleift að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur, svo sem kaupauka í þeim tilgangi að markmiðum starfskjarastefnu þessarar verði náð.

Heildarkostnaður samstæðunnar vegna launa og launatengdra gjalda var 92,6 m.EUR á fjárhagsárinu 2024 sem er 7,8 % hækkun milli ára.

#### **Kaupaukar**

Samkvæmt starfskjarastefnu félagsins er heimilt að greiða stjórnendum og starfsmönnum kaupauka, fríðindi og/eða annars konar umbun. Með kaupauka er átt við greiðslur sem byggja á árangri einstakra stjórnenda og starfsmanna í starfi. Greiðsla slíkra kaupauka skal ýmist tengjast árangri viðkomandi starfsmanns, þeirrar deildar sem hann starfar innan eða alls félagsins.

Kaupaukagreiðslur forstjóra eru ákvarðaðar af stjórn, en kaupaukagreiðslur annarra starfsmanna af forstjóra innan þess ramma sem stjórn hefur markað honum. Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til forstjóra skal taka til endurskoðunar árlega og skal við slíka endurskoðun höfð hliðsjón af mati stjórnar á frammistöðu forstjóra, þróun launakjara almennt á markaði og hliðstæðum félögum auk afkomu félagsins. Í samkomulagi stjórnar, forstjóra og tiltekinna æðstu stjórnenda er að finna ákvæði um að fjárhæð kaupauka skuli ráðstafað til kaupa á hlutum í félaginu, að teknu tilliti til skattgreiðslna og ákvæða MAR reglugerðarinnar.

Heildarfjárhæð veittra kaupauka til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda innan samstæðunnar (alls 25 stjórnendur) á árinu 2024 var 1,5 mEUR. Nemur fjárhæð veittra kaupauka 1,7% af heildarlaunakostnaði á samstæðugrundvelli.

## **Kjör stjórnar, forstjóra og annarra æðstu stjórnenda**

Eftirfarandi eru laun og hlunnindi stjórnarmanna, forstjóra, og annarra æðstu stjórnenda fyrir árin 2023 og 2024 (fjárhæðir í þús. kr.):

	2024 Laun og hlunnindi	2023 Laun og hlunnindi
Vilhjálmur Vilhjálmsson, formaður stjórnar og meðlimur endurskoðunarnefndar	12.780	11.070
Auður Kristín Árnadóttir, stjórnarmaður	3.870	3.480
Kristján Loftsson, stjórnarmaður	3.870	3.480
Loftur Bjarni Gíslason, stjórnarmaður	2.970	0
Sigrún Þorleifsdóttir, stjórnarmaður og meðlimur endurskoðunarnefndar	5.040	4.110
Guðmundur Ásgeirsson, fyrrverandi stjórnarmaður	600	3.480
Hjörtur Valdemar Erlendsson, forstjóri (frá 2014)	143.696	129.545
Aðrir æðstu stjórnendur (2024: 24, 2023: 23)	845.833	820.043
Samtals:	1.018.659	975.208

Laun sem greidd eru til stjórnarmanna innihalda greiðslur vegna setu þeirra í undirnefndum stjórnar. Laun og hlunnindi forstjóra og annarra æðstu stjórnenda innihéldu kaupaugagreiðslur. Voru kaupaugagreiðslurnar skilyrtar að hluta við að þeim yrði ráðstafað til kaupa á hlutabréfum í félaginu, að teknu tilliti til skattgreiðslna og ákvæða MAR reglugerðarinnar.

### **Kaupréttir**

Þrátt fyrir heimildarákvæði í samþykktum félagsins, hefur starfskjarastefna félagsins ekki að geyma ákvæði er heimila stjórn að gera kaupréttarsamninga við starfsmenn félagsins. Stjórn er þeirrar skoðunar að það þjóni betur hagsmunum félagsins og lykilstarfsmanna að veita starfsmönnum kaupauka sem heimilt sé að skilyrða við verði ráðstafað til kaupa á hlutum í félaginu.

### **Launajafnrétti**

Hampiðjan hf. og dótturfélagið Hampiðjan Ísland ehf. hafa öðlast jafnlaunavottun.

### **Tillaga að samþykkt starfskjarastefnu**

Stjórn leggur til við aðalfund Hampiðjunnar hf. 2025 að starfskjarastefna félagsins verði samþykkt með minniháttar breytingum. Breytingarnar eru minniháttar og fyrst og fremst gerðar til þess að skerpa á núverandi inntaki starfskjarastefnunnar. Lagt til er til orðið „kauparéttur“ verði tekið út úr 7. gr. og að eftirfarandi setningu verði bætt við 8. gr.: „Heimilt er að skilyrða greiðslu slíkra kaupauka við að þeim sé ráðstafað til kaupa á hlutum í félaginu.“